



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), 138. löggjafarþing 2009– 2010, þskj. 16 — 16. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hryðjuverk, peningabætti og mansal. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr heildstæður kafli um upptöku auk þess sem lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi. Í athugasemdum við frumvarpið segir að með frumvarpinu sé með heildstæðum hætti leitast við að endurskoða gildandi ákvæði almennra hegningarlaga um framangreind efnisatriði með það í huga að fært sé í fyrsta lagi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samning) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, og í öðru lagi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005. Í því sambandi er þó gerður sá fyrirvari að efni síðarnefnds samnings kunni að kalla á aðrar lagabreytingar svo unnt verði að fullgilda hann.

Mannréttindaskrifstofan hefur um árábil hvatt stjórnvöld til að fullgilda ofangreinda samninga, einkum og sér í lagi til að efla baráttuna gegn mansali sem brýtur gróflega gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi þolenda. Skrifstofan fagnar því fyrirbyggjandi frumvarpi og vonast til að stjórnvöld geri aðrar nauðsynlegar lagabreytingar til að fullgilding geti farið fram hið fyrsta. Hér er einkum átt við að brýnt er að festa í lög ákvæði um fórnarlambavernd sbr. 3. kafla og 26. gr. Evrópusamningsins, vitnavernd sbr. 28. gr., fyrirbyggjandi aðgerðir sbr. 5. og 6. gr. og formlegt samstarf við borgarlegt samfélag sbr. 35. gr. Evrópusamningsins. Nánari útfærslu á aðgerðum til að berjast gegn mansali í kynlífsiðnaði á Íslandi er að finna í meðfylgjandi skjali Tillögur vegna aðgerðaáætlunar gegn mansali á Íslandi sem Mannréttindaskrifstofan samdi í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi árið 2007. Einnig er bent á umsagnir Mannréttindaskrifstofunnar um frumvörp um fórnarlamba- og vitnavernd sem lögð hafa verið fram á fyrri þingum.

Mannréttindaskrifstofan er fylgjandi 2. gr. frumvarpsins, er varðar niðurfellingu 69. gr. núgildandi laga og styður samþykkt nýs kafla í hennar stað. Fyrirhuguð 69 gr. e., er varðar heimild til að ákveða í dómi að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi, er mjög til bóta, t.d. að því er varðar bætur til fórnarlamba mansals. Þá tekur skrifstofan undir tillögur Stígamóta um að lögbundið verði að eignir og ágóði sem gerð verða upptæk í mansalsmáli, að frádregnum bótum til fórnarlamba, renni til aðstoðar við og endurhæfingar fórnarlamba mansals í stað þess að falla til ríkissjóðs. Skrifstofan lýsir ánægju sinni með fyrirhugaðar breytingar á skilgreiningu á hryðjuverkum. Í umsögn um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), 134. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 197. 184. mál lýsti skrifstofan áhyggjum sínum af óljósri og



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

víðtækri skilgreiningu á hryðjuverkum í lögnum og hvatti til þess að farið yrði að tilmælum Mannréttindanefndar Sp. um að móta nákvæmari skýringu. Skrifstofan fagnar því að lagt er til að fylgt verði 4. gr. Evrópusamningsins með nákvæmari hætti en gert er í núgildandi ákvæði en vekur athygli á að í skilgreiningu Evrópusamningsins er sérstaklega kveðið á um að það teljist til mansals, við ákveðnar aðstæður, að misnota manneskju til vændis. Í 224 gr. norsku hegningarlagana segir:

Den som ved vold, trusler, misbruk av sårbar situasjon eller annen utilbørlig atferd utnytter en person til a) prostitusjon eller andre seksuelle formål. I sænsku lögnum vísar ákvæði 4. kafla 1a).1. til kynferðisbrota en einnig er talað um „utnyttjas för tillfälliga sexuella förbindelser eller på annat sätt utnyttjas för sexuella ändamål. I dönskum hegningarlögum, gr. 262a er talað um „kønslig usædelighed”.

Mannréttindaskrifstofan telur æskilegt að í ákvæðinu sé vændi talið upp sérstaklega auk annarrar kynferðislegrar misnotkunar, í samræmi við Evrópusamninginn og löggjöf nágrannalanda okkar. Mannréttindaskrifstofa gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri